

**Tillaga að breytingu á
Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020**

Naustahvilt í Skutulsfirði

Tillaga á vinnslustigi - október 2017



ATA



1. Inngangur

Aðalskipulagsbreytingin nær til sveitarfélagsuppdráttar sunnan djúps og greinargerðar aðalskipulags Ísafjarðar 2008-2020. Þar er hluta af óbyggðu svæði í og við Naustahvilt í Skutulsfirði breytt í útivistarsvæði Ú70. Samhliða breytingu á Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020 er unnin tillaga að deiliskipulagi fyrir útivistarsvæði.

2. Tilgangur og markmið

Gengt þéttbýlinu á eyrinni á Ísafirði liggur vinsæl gönguleið frá Þjóðveginum, Djúpvegi (61), upp í Naustahvilt um Kirkjubólshlíð. Göngustígur upp í hviltina er farinn að láta á sjá og er fólk farið að velja sér leiðir við hlið stígsins upp hliðina með tilheyrandi raski á gróðri. Áhugi er á því að skipuleggja svæðið og byggja upp sem góðan áfangastað, auka öryggi og vernda náttúru svæðisins. Lítið er fjallað um Naustahvilt í greinargerð nügildandi aðalskipulags.

Í Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020 er Naustahvilt hluti af óbyggðu svæði, sem er opið svæði til almennrar útiveru eða takmarkaðrar umferðar fólks þar sem ekki er gert ráð fyrir mannvirkjagerð. Markmið með tillögu að aðalskipulagsbreytingu er að vernda svæðið með því að stýra umferð fólks um það og að útivistarsvæðið í Naustahvilt samræmist landnotkun svæðisins.

3. Staðhættir og umhverfi

Naustahvilt er um 1 km breið hvilt í Kirkjubólshlíð sunnan við þéttbýlið á Ísafirði. Hviltin er tæplega 400 m djúp og er á bilinu 200 til 660 m.y.s. Mjög bratt klettabelti sker hliðina í um það bil 500 m.h.y.s. að frátöldum austasta hluta hviltarinnar. Neðan klettabeltisins eru skriður þar sem hallinn er 30–40°. Ofan við klettabeltið eru klettur sem halla 45–50°. Í miðju hviltarinnar er lítil skál þar sem halli hliðarinnar er lítill minni. Hviltin hefur myndast þegar jöklar síðustu ísaldar lágu yfir svæðinu og hefur myndast skálarjökull þar sem hviltin er nú. Þegar jökullinn hvarf stóð hviltin eftir og eru svona skálar oft nefnd skessusæti.

Við Djúpveg er útskot og bílastæði og þar er upphafsstaður gönguleiðar upp í Naustahvilt. Frá Þjóðveginum er nokkuð brött en gróin hlið með lækjarsprænum upp í hviltina. Gönguleiðin sem þarna er í dag er um 430 m á lengd frá bílastæðinu og endar í um 225 m.h.y.s. við stóran stein í norðausturhluta hviltarinnar. Við steininn er gestabók fyrir göngufólk, merkt 225 m en gönguleiðin vinsæl hjá íbúum og gestum.

Rétt við bílastæðið við Djúpveg er skilgreint efnistökusvæði skv. aðalskipulagi. Það er ætlað til haugsetningar og tengist áformum um gerð jarðgangna til Súðavíkur, sem eru sýnd á skipulagsuppdrætti. Í skipulagsskilmálum aðalskipulagsins er tekið fram að haugsetningin á ekki að skerða ásjón Naustahvilftar eða annarra kennileita.

Á sveitarfélagsuppdrætti er bæði sýnd reiðleið og gönguleið meðfram veginum, neðan Naustahvilftar. Þá eru sýnd jarðgöng frá Skutulsfirði yfir í Álfafjörð við útjaðar útivistarsvæðisins.

Breytingin er í samræmi við stefnu aðalskipulagsins um að uppbygging á opnum svæðum og aðstöðu til útivistar auki lífsgæði og kemur til móts við áhuga heimamanna og ferðamanna sem sækja í útivist. Sem dæmi má nefna eftirfarandi markmið úr stefnu um atvinnu (kafli 8), útivist, opin svæði og íþróttir (kafli 10):

- *Markviss uppbygging innviða og efling samfélagslegra þátta styður við atvinnulífið og stöðugleika þess og eykur líkurnar á því að fólk velji að búa í Ísafjarðarbæ. Uppbygging og*


endurbætur á íbúðarsvæðum, opnum svæðum og aðstöðu til útivistar og íþróttar auka lífsgæði og líkur á stöðugleika vinnuafsisins.“

- Nálægð við náttúruna og sérkenni verði nýtt á sjálfbæran hátt til útivistar.
- Íþróttir og útivist skulu fara fram í sátt við umhverfið. Auka skal umhverfisvernd og stuðla að jákvæðum viðhorfum til umhverfis.

4. Yfirlit yfir breytingu á Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2028

Á sveitarélagssupprætti sunnan Djúps er afmarkað um xx ha útivistarsvæði, Ú70, um Naustahvilt og hlíðina neðan hennar, bílastæði og gönguleið upp í hvíltina.

Sveitarfélagsuppráttur sunnan Djúps, Tillaga að breytingu – dags xx. október 2017. staðfestur desember 2009.



Við töflu 10.1 um almenn útivistarsvæði sem er í greinargerð aðalskipulagsins bls. 154 kemur eftirfarandi viðbót:

Svæði	Ákvæði
Ú70 - Útivistarsvæði í og við Naustahvilt við sunnanverðan Skutulsfjörð, gengt þéttbýlinu á eyrinni á Ísafirði.	Skipulagt útivistarsvæði þar sem heimilt er að byggja upp aðstöðu tengda gönguleið upp í hvíltina svo sem með bílastæðum, áningarstöðum með upplýsingaskiltum, bekkjum, útsýnissöðum eða annarri einfaldri aðstöðu. Mannvirki skulu felld að umhverfinu eins og kostur er. Í deiliskipulagi skal gæta að því að gefa rými fyrir gangnamunna og mannvirki tengd væntanlegum Álfafjarðargöngum.

5. Áhrif á umhverfið

Aðalskipulagsbreytingin fellur ekki undir lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana en hér er gerð grein fyrir áhrifum aðalskipulagsbreytingarinnar á umhverfið í samræmi við 12. gr. skipulagslaga.

Gönguleiðin upp í Naustahvilt er vinsæl bæði meðal heimamanna og ferðamanna en einhvern aukning hefur orðið á að ferðaþjónustuaðilar fari með hópa í Hvilftina. Ljóst er að verði ekki brugðist við er hætt við að gróður á svæðinu verði fyrir skemmdum vegna átroðnings og neikvæð áhrif verðir á ásynd. Markmið aðalskipulagsbreytingar og gerð deiliskipulags er aðskýra stefnu sveitarfélagsins á svæðinu og skapa ramma fyrir uppbyggingu bættrar aðstöðu fyrir útivistar- og göngufólk þannig að frekari gróðurskemmdir verði ekki á svæðinu. Miðað við núverandi ástand eru líkur til þess að áhrif á gróður, landslag og upplifuna heimamanna og gesta verði jákvæð. Breyting á aðalskipulagi hefur engin áhrif á skráðar minjar en minnt er á að ekki má hreyfa við fornleifum nema með leyfi Minjastofnunar.

6. Málsmæðferð – skipulagsferli

Sameiginleg lýsing fyrir aðalskipulagsbreytingu og gerð deiliskipulags var send umsagnaraðilunum auk þess að vera auglýst í xxx og á vefsíðu Ísafjarðarbæjar. Umsagnaraðilar eru Ísavia, Minjastofnun, Umhverfisstofnun, Skipulagsstofnun, Vegagerðin, Náttúrufræðistofnun og Veðurstofan, og bárust umsagnir frá þeim öllum sem hafðar hafa verið til hliðsjónar við vinnslu tillögunnar.

Tillaga á vinnslustigi er kynnt á vef sveitarfélagsins og með auglýsingu í svæðisbundnum fréttamiðli. Gefinn er tveggja vikna frestur til að senda inn ábendingar, en ábendingum verður ekki svarað með formlegum hætti. Að lokinni athugun Skipulagsstofnunar og samþykkt í bæjarstjórn verða tillögur að aðalskipulagsbreytingu og nýju deiliskipulagi auglýstar samhliða.

Að afloknum athugasemdafresti eru tillögunar teknar til umfjöllunar í skipulags- og mannvirkjanefnd og síðan bæjarstjórn og afstaða tekin til athugasemda og hugsanlegra breytinga. Afgreiðsla athugasemda verður send sem þeim sem þær gerðu og samþykktar deiliskipulags- og aðalskipulagstillögur sendar til Skipulagsstofnunar. Skipulagsstofnun staðfestir tillögur innan 4 vikna frá því að þær berast og birt er staðfesting í B-deild Stjórnartíðinda um samþykkt þeirra.

Athugasemd [H1]: Í hvaða miðli var lýsingin auglýst?